

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um erindi heiðursborgara Reykjavíkur vegna Víkurgarðs

Á fundi borgarráðs þann 24. janúar 2019 var svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

Erindi barst borgarráði frá heiðursborgurum Reykjavíkur á haustdögum vegna Víkurgarðs. Erindið hefur enn ekki verið tekið fyrir til umræðu og afgreiðslu. Hvenær má búast við að það verði gert?

Svar:

Erindi heiðursborgara Reykjavíkur var tekið til umræðu á fundi borgarráðs 8. nóvember 2018 auk þess sem borgarráð hefur ítrekað fjallað um málefni sem garðinum tengjast á fundum sínum undanfarnar vikur og mánuði. Í ljósi þess að til meðferðar eru mál Minjastofnunar er varða friðun Fógetatorgs og síðar skyndifriðun á hluta framkvæmdasvæði Landssímarreits var ákveðið að boða heiðursborgara Reykjavíkur til fundar þegar lyktir þeirra mála lægju fyrir og fjalla frekar um málið í borgarráði í kjölfarið.

Dagur B. Eggertsson